

**ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**  
**nr. 213/2018**

2021/EES/21/06

frá 26. október 2018

**um breytingu á IX. viðauka við EES-samninginn (Fjármálaþjónusta)**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/730 frá 4. maí 2018 um tæknilegar upplýsingar fyrir útreikning á váttryggingaskuld og kjarnagjaldþoli vegna gagnaskila með viðmiðunardagsetningar frá 31. mars 2018 til 29. júní 2018 í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/138/EB um stofnun og rekstur fyrirtækja á sviði váttrygginga og endurtrygginga <sup>(1)</sup>.
- 2) IX. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

*1. gr.*

Eftirfarandi lið er bætt við á eftir lið 1y (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/165) í IX. viðauka við EES-samninginn:

„1z. **32018 R 0730**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/730 frá 4. maí 2018 um tæknilegar upplýsingar fyrir útreikning á váttryggingaskuld og kjarnagjaldþoli vegna gagnaskila með viðmiðunardagsetningar frá 31. mars 2018 til 29. júní 2018 í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/138/EB um stofnun og rekstur fyrirtækja á sviði váttrygginga og endurtrygginga (Stjtíð. ESB L 123, 18.5.2018, bls. 6).“

*2. gr.*

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2018/730, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

*3. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi 27. október 2018, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram <sup>(\*)</sup>.

*4. gr.*

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 26. október 2018.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

***Oda Helen Sletnes***

formaður.

<sup>(1)</sup> Stjtíð. ESB L 123, 18.5.2018, bls. 6.

<sup>(\*)</sup> Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.